

## Upplýsingar um utanbastsdeyfingu í fæðingu

### Utanbastsdeyfingar í fæðingu – Stutt yfirlit

(Frekari upplýsingar má t.d. finna á vefsíðunni [www.oaaformothers.info](http://www.oaaformothers.info). Vinsamlegast fáið að ræða við svæfingalækni ef eitthvað er óljóst).

### Lagning utanbastsdeyfingarinnar

- Þú þarft að vera komin með vökva í æð.
- Meðan deyfingin er lögð þarftu að vera alveg kyrr og láta svæfingalækninn vita þegar kemur hrið.
- Venjulega tekur um 20 mínútur að leggja deyfinguna og aðrar 20 mínútur að fá fulla verkun.
- Stundum er verkunin ekki nægileg. Þá gæti þurft að laga deyfilegginn eða leggja nýjan.

### Kostir utanbastsdeyfingar

- Gefur venjulega mjög góða verkjastillingu.
- Einstöku sinnum er fyrst gefin mænudeyfing til að fá fljótari verkun.
- Skammtur og tegund deyfilyfs er þannig að þú getur hreyft þig. Þetta er kallaður lágskammta- eða göngudeyfing.
- Áhrif deyfingarinnar á barnið er almennt talin hverfandi.
- Með sterkara deyfilyfi er hægt að nota deyfinguna fyrir keisaraskurð.

### Möguleg vandamál tengd utanbastsdeyfingu

- Endurtekin ábót með sterkari deyfilyfi getur valdið tímabundinni máttminnkun í fótum og aukid áhættu á sogklukku- eða tangarfæðingum.
- Deyfingin getur lítillega lengt 2. stig fæðingar.
- Deyfingin getur tímabundið lækkað blóðþrýsting, valdið kláða eða hitahækkun.
- Stungustaður getur verið aumur en venjulega aðeins nokkra daga. Bakverkur stafar EKKI af deyfingunni en er algengur eftir allar meðgöngur.

**Á hinni hlið þessa blaðs eru skráðar mikilvægar upplýsingar um áhættu tengdri utanbastsdeyfingum**



## Áhætta tengd utanbasts- eða mænudeyfingu vegna fæðingaverkja

| Tegund áhættu  | Tíðni áhættu                                | Hve algengt er það |
|--|---|--------------------|
| Marktæk blóðþrýstings lækkun                             | Ein af hverjum 50 konum                     | Einstaka sinnum    |
| Ónóg verkjastilling þannig að annað þarf til viðbótar    | Ein af hverjum 8 konum                      | Algengt            |
| Ónóg verkun við keisaraskurð þannig að það þarf að svæfa | Ein af hverjum 20 konum                     | Stundum            |
| Svæsinn höfuðverkur                                      | Ein af hverjum 100 konum (utanbastsdeyfing) | Sjaldgæft          |
|  | Ein af hverjum 500 konum (mænudeyfing)      | Sjaldgæft          |
| Taugaskaði (dofi eða krafleysi á fæti)                   | Tímabundið – ein af hverjum 1000 konum      | Sjaldgæft          |
| Áhrif sem standa lengur en 6 mánuði                      | Varanlegt – ein af hverjum 13.000 konum     | Sjaldgæft          |
| Sýking í utanbasti                                       | Ein af hverjum 50.000 konum                 | Mjög sjaldgæft     |
| Heilahimnubólga  | Ein af hverjum 100.000 konum                | Mjög sjaldgæft     |
| Blæðing í utanbast                                       | Ein af hverjum 170.000 konum                | Mjög sjaldgæft     |
| Meðvitundarleysi   | Ein af hverjum 100.000 konum                | Mjög sjaldgæft     |
| Alvarlegir skaðar, svo sem lamanir                       | Ein af hverjum 250.000 konum                | Óhemju sjaldgæft   |

Nákvæmar tölur um suma þessa þætti eru á reiki og ekki fáanlegur úr áður birtum heimildum. Tölurnar að ofan eru því sumstaðar áætlaðar og geta verið breytilegar eftir sjúkrá húsum.

Á hinni hlið þessa blaðs eru upplýsingar um lagningu utanbastsdeyfingar vegna fæðingaverkja

